



KRISTNIHÁTÍÐ

Setningarávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
í Akureyrarkirkju
25. apríl 1999

Jörðin var auð og tóm. Myrkur grúfði yfir djúpinu; andi Guðs sveif yfir vötnunum.

Og Guð sagði: Verði ljós! og það varð ljós.

Eyja nyrst í útsæ. Umvafin geislum sólar. Heimkynni fugla himinsins og fiska í straumkasti frá klettaströnd.

Tignarleg beið hún eftir því landnámi sem varð upphaf íslenskrar sögu; ættjörð þess ævintýris sem er tilvera Íslendinga; uppspretta vona og drauma, skáldskapar og hugsunar, sannfæringar og trúar.

Ísland er sköpun heimsins í hnotskurn: Kraftbirting guðdómsins sem í senn skóp stjörnur himinhvolfsins, sólar, tungl og jörðina sjálfa; sameinaði á eyju okkar öflin sem enn bera vitni um sköpunargleði þess herradóms er öllu ræður.

Á helgum völlum, vöggu þings og þjóðveldis, tengibrú meginálfa, var sáttmáli gerður með viti og bæn, í friði og sátt; sáttmáli sem óf saman þjóð, þing og kristni, færði á Þingvelli kross frelsarans frá Nasaret; gerði helga bók og frásögn Njálu að samhafðu testamenti íslenskrar menningar.

Trú og tunga, tilbeiðsla í ljóði, bæn á bókfelli, sálmur í rökkri baðstofunnar, ákall frá áhöfn arabátsins; saga heillar þjóðar, kynslóð af kynslóð, frá landnámi, þinghaldi fornu og kristnitöku um aldir eyndar og ófrelsis til sjálfstæðis og velferðar, vísinda og hátækni, viðurkenningar alls mannkyns á rétti okkar og sessi – þúsund ár helguð þeim krossi sem tengdi þjóðina kristnum heimi.

Og senn höldum við á ný til Þingvalla til að þakka og lofsyngja.

Þingvellir: Þríhelgur staður landnáms, þings og kristni; ægifögur áminning um að sköpunarvinnan varir enn, að móðir Jörð er ekki lén okkur til leiks og gróða, heldur arfleifð sem okkur ber að varðveita frá kyni til kyns, öld til aldar.

Við hefjum förina hér, í kirkju Matthíasar, guðsmannsins sem gaf okkur þjóðsönginn, sálminn um titrandi smáblóm og Íslands þúsund ár.

Áningarstaðir verða í byggðum landsins alls, helgistundir í sóknarkirkjum, hátíðir söngs og lista, líkar þeirri sem nú hefst á Akureyri. Tóngjafar á næstu mánuðum og misserum uns við sameinumst í hámessu á helgum völlum; göngum svo um vegamót og krossgötur allt til páskadaga á fyrsta ári nýrrar aldar, nýs árþúsunds.

Kristnihátíð Íslendinga – þakkargjörð til guðs vors lands og allra þeirra áa og ættmenna sem með ævistarfi ófu töfravef um tilveru íslenskrar þjóðar.

Kristnihátíð Íslendinga – vettvangur spurnar um vegferð okkar og markmið, um varðveislu sköpunarinnar og ætlunarverk þjóðarinnar í samfélagi heimsins.

Kristnihátíð Íslendinga – stund bæna og játninga trúar og efa: Hver erum við? Hvaðan komum við? Hvert er för okkar heitið?

Kristnihátíð hvers og eins, byggðarlaga og þjóðar okkar er með þessum orðum ýtt úr vör.

Megi gæfa og Guðs blessun fylgja þjóðinni og ykkur öllum og hátíðinni frá upphafsstefi til lokasöngs.